



Blikar fyrsta íslenska karlaliðið í riðlakeppni UEFA

Karlalið Breiðabliks hefur tryggt sér sæti í riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA (UEFA Conference League) og er þar með fyrsta íslenska karlaliðið sem tekur þátt í riðlakeppni á vegum UEFA.

Leið Blika að þessum frækna árangri hefur verið nokkuð löng og ströng á þessu tímabili.

Breiðablik hóf keppni í forkeppni Meistaradeildar Evrópu og lagði þar að velli í fyrsta leik lið Tre Penne frá San Marino 7-1 og vann svo Buducnost Podgorica frá Montenegro í úrslitaleik forkeppinnar 5-0.

Þessu næst tóku við tveir leikir við Shamrock Rovers frá Tallaght á Írlandi og höfðu Blikar betur í báðum leikjum, samanlagt 3-1. Þeirra beið svo afar verðugt verkefni gegn einu allra sterkasta liði Norðurlanda, FC København og töpuðust báðir leikirnir, samanlagt 8-3.

Liðið hafði því lokið keppni í Meistaradeild Evrópu og tók við verkefni í Evrópudeildinni gegn Zrinjski Mostar frá Bosnía og Herzegovínu. Breiðablik tapaði fyrri leiknum á útivelli 6-2 en vann svo síðari leikinn 1-0, tapaði því einvíginu samanlagt 6-3.

Þá lá fyrir að með sigri í næsta einvígi myndi Breiðablik tryggja sér sæti í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar og eins og áður sagði, fyrst allra karlaliða á Íslandi til þess að komast alla leið í riðlakeppni UEFA.

Mótherjar Breiðabliks í þessum mikilvægu leikjum var lið Struga frá Norður Makedóníu. Skemmst er frá að segja að Breiðablik vann báða leikina 1-0, útileikinn við afar skrítnar aðstæður en sigurinn aldrei í hættu á heimavelli og liðið verðskuldað komið í riðlakeppnina.

Föstudaginn 1.september var svo dregið í riðla fyrir Sambandsdeildina og dróst Breiðablik í riðil með Gent frá Belgíu, Maccabi Tel-Aviv frá Ísrael og Zorya Luhansk frá Úkraínu. Leikjaplan Breiðabliks hefur verið staðfest og er eftirfarandi:

- 21.sept Maccabi Tel-Aviv – Breiðablik
- 5.okt Breiðablik – Zorya Luhansk
- 26.okt Gent – Breiðablik
- 9.nóv Breiðablik – Gent
- 30.nóv Breiðablik – Maccabi Tel-Aviv
- 14.des Zorya Luhansk – Breiðablik

Staðfest er að Breiðablik mun leika heimaleiki sína á Laugardalsvelli og geta því áhugamenn um íslenska knattspyrnu hlakkað til haustins þar sem 3 heimaleikir félagsliðs bætast við landsleikina sem vanalega fara fram á þessum árstíma.



Blikar fagna sögulegum árangri



ÍTF óskar eftir samstarfi við KSÍ um aukinn sýnileika á knattspyrnu kvenna

ÍTF hefur óskað eftir samstarfi við KSÍ um að fara í sérstakt átaksverkefni til þess að vekja meiri athygli á kvennadeildunum fyrir næstu þrjú keppnistímabil. Hugmyndir ÍTF felast í því að auka sýnileika deildanna, búa til jákvæða umræðu um knattspyrnu kvenna og auka aðsókn og áhuga á leikjum í knattspyrnu kvenna.

Mikilvægt er að kortleggja stöðuna eins og hún er í dag, þ.e. áhuga á knattspyrnu kvenna, hvar sóknarfærin eru og hverjir markhóparnir eru áður en lagt er af stað í þessa vegferð. Hugmyndir ÍTF ráð fyrir því að virkja aðildarfélögin, fá þeirra álit og annarra sem starfa við knattspyrnu kvenna. Í framhaldinu yrði svo unnið að því að setja saman verkefni með það að markmiði að auka sýnileika og áhuga á deildunum.

UEFA bíður upp á sérstaka fjárveitingu í slík verkefni og hefur ÍTF óskað eftir því við KSÍ að sótt verði sérstaklega um fjármagn í verkefnið sem yrði unnið að öllu leiti í samstarfi KSÍ og ÍTF. Beðið er viðbragða KSÍ við þessum óskum en hugmynd ÍTF er að undirbúningur hefjist nú þegar og hægt verði að ýta verkefninu úr vör strax í byrjun næsta árs eða fyrir næsta keppnistímabil.



Úrslitaleikur um Bestu deildar sæti karla – „50 milljón króna leikurinn“

Úrslitaleikur Lengjudeildarinnar um sæti í Bestu deildinni að ári fer fram á Laugardalsvelli laugardaginn 30.september n.k. Leikurinn sem kallaður hefur verið „50 milljón króna leikurinn“ er gríðarlegar þýðingarmikill og sigurvegari leiksins leikur í Bestu deild karla að ári sem m.a. þýðir töluvert meiri tekjur vegna réttindasölu og samstöðugreiðslna frá UEFA til þróunar yngri leikmanna.

Leikið er samkvæmt nýju fyrirkomulagi í úrslitakeppni Lengjudeildarinnar þar sem eitt lið fer beint upp en liðin í sætum 2 til 5 spila

um hitt sætið í Bestu deildinni í sérstakri úrslitakeppni. Í úrslitakeppninni núna leika 4 lið af eftirfarandi 5 liðum, ÍA, Afturelding, Fjölnir, Vestri og Leiknir. ÍA og Afturelding berjast um að komast beint upp í Bestu deildina.

Gert er ráð fyrir að leikurinn verði í beinni útsendingu þar sem verði upphitun fyrir útsendingu og sérfræðingar mæta í settið til að spá í spilin fyrir leik og í hálfleik.

Knattspyrnuáhugafólk er hvatt til þess að mæta í Laugardalinn og fylgjast með skemmtilegri viðureign.

Kvennaliðin hefja leik í Evrópu

Kvennalið Vals og Stjórnunnar hófu bæði keppni sína í Evrópu miðvikudaginn 6. september. Valsstúlkur léku gegn Fomget Genclik frá Tyrklandi í undanúrslitum forkeppinnar og unnu góðan sigur, 2-1, og leika því um að komast áfram í keppninni gegn Vllaznia frá Albaníu.

Stjarnan lék gegn mjög sterku liði Levante frá Spáni og þurfti að sætta sig við 4-0 tap eftir markalausan fyrri hálfleik. Stjarnan er því úr leik að þessu sinni í meistardeildinni en leika hins vegar gegn Sturm Graz frá Austurríki um þriðja sæti riðilsins í forkeppninni en sá leikur er mikilvægur upp á stigasöfnun Íslands í Evrópukeppninni.





Frá undirritun samnings Fylkis og Gleðistjórnunnar. Elvar Örn Þórisson formaður barna -og unglingaráðs Fylkis og Áslaug Ósk Hinriksdóttir formaður Gleðistjórnunnar ásamt systkinum Þuríðar Örnú Óskarsdóttur, þeim Theodóri Inga, Hinriki Erni og Jóhönnu Ósk.

Fótboltinn styður góð málefni

Íslensk félagslið í fótboltanum hafa verið nokkuð áberandi undanfarið í stuðningi við góð málefni með ýmis konar viðburðum og öðrum fjáröflunum. Hér eru nokkur dæmi um verkefni sem aðildarfélög ÍTF hafa staðið að á undanförunum misserum.

Víkingur, í samráði við Macron, Hildi Yeoman fatahönnuð og fjölskyldu Svavars Péturs Eysteinssonar, Prins Póló, kynnti verkefni til styrktar Ljósínu, endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein. Sérhönnuð var keppnistreyja fyrir félagið og voru 300 eintök af treyjunni sett í almenna sölu þar sem ágóði rann til Ljóssins. Jafnframt runnu 500 krónur af mótsgjaldi Petit Hamingjumóts Víkings til styrktar Ljónshjarta sem eru samtök til stuðnings fólks sem hefur misst maka og barna sem misst hafa foreldri.

FH kynnti í júní þriðja búnings liðsins og lék karlalið félagsins í þeim búningi gegn Breiðablik þann 10. júní s.l. Búningurinn er bleikur og er ástæða þess tenging við Bleiku slaufu Krabbameinsfélag Íslands þar sem 500 krónur af öllum seldum treyjum renna óskiptar til Krabbameinsfélagsins. FHingar gerðu athyglisvert myndband af þessu tilefni í samstarfi við helstu styrktaraðila félagsins og má sjá það hér <https://fb.watch/mr5ZACX-hF/>

Meistaraflokkur kvenna í KR og Gróttu mættust í Lengjudeildinni þriðjudaginn 1.ágúst s.l. og lék KR þá í bleikum búningum auk þess sem línur vallarins og hornfánar voru í bleikum lit. Ástæða þess var að KR ákvað að láta gott af sér leiða og vekja athygli á starfsemi Bleiku slaufunnar sem er árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. Allur ágóði af miðasölu á leikinn rann óskiptur til Bleiku slaufunnar og lagði Alvotech, aðalstyrktaraðili KR, fram jafnháa upphæð til verkefnisins og nam miðasölu á leikinn.

Stjarnan í samstarfi við Margt Smátt og Puma mun gefa 1000 krónur af hverri seldri Evróputreyju kvennaliðs Stjórnunnar til Umhyggju, félags sem vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

Fylkir, knattspyrnudeild, og góðagerðafélagið Gleðistjarnan hafa gert með sér samning um Fylkismótin sem haldin eru árlega og eru iðkendur í 8.-5.flokki og munu mótin bera heitið Gleðistjörnumót Fylkis. Gleðistjarnan er góðgerðafélag sem stofnað hefur verið til minningar um Þuríði Örnú Óskarsdóttur sem lést s.l.vor eftir 18 ára baráttu við heilaæxli sem hún greindist með aðeins tveggja ára gömul. Tilgangur Gleðistjórnunnar er að halda uppi minningu Þuríðar með því að gleðja systkini langveikra barna með gjöfum og viðburðum.

Fjöldmörg önnur verkefni eru í gangi frá aðildarfélögunum og má t.d. nefna Friðrikssjóð Vals en hlutverk hans er að tryggja að allir iðkendur Vals geti staðið straum að kostnaði við að stunda íþróttir hjá Val að og engu barni sé meinaður aðgangur sökum fjárskorts á heimili viðkomandi.

Það er gríðarlega jákvætt að fótboltinn láti gott af sér leiða og styðji við verkefni af þessu tagi. ÍTF hvetur aðildarfélög sín til þess að vekja athygli á góðum verkefnum þannig að áhugasamir geti tekið höndum saman og stutt við bakið á þeim til góðra verka.



Víkingar afhenda Ljónshjarta framlag vegna Petit mótsins



Viðhorfskönnun fyrir íslenskan fótbolta í samstarfi við Gallup

ÍTF og Gallup hafa gengið til samstarfs um að kanna almennt viðhorf til íslenskrar knattspyrnu og taka saman upplýsingar sem hægt er að nýta til betri markaðssetningar m.t.t. einstakra markhópa o.fl. Gallup mun sjá um framkvæmd viðhorfskönnunarinnar og skila inn ítarlegum niðurstöðum til ÍTF sem mun svo nýta upplýsingarnar í samstarfi við félögin um að kortleggja betur hvernig við getum í sameiningu aukið áhuga á fótboltanum til lengri tíma litið og sett okkur mælanleg markmið til næstu ára.

Um er að ræða mikilvæga upplýsingasöfnun og er ætlunin sú að endurtaka slíka viðhorfskönnun árlega næstu 3-4 árin til þess að geta gert góðan samanburð á milli ára.

Óskað var eftir þátttöku KSÍ í verkefninu en KSÍ hafnaði þátttöku og er því verkefnið alfarið í höndum ÍTF sem mun miðla upplýsingum til sinna aðildarfélaga og annarra sem þess óska.



Kynning á ÍTF fyrir HK

Framkvæmdastjóri og markaðsstjóri ÍTF héldu kynningu fyrir stjórnir og ráð HK á hlutverki og starfsemi ÍTF þriðjudaginn 29.ágúst s.l. Kynningin var með svipuðu sniði og áður hafði verið gert með stuðningsmannahópi Fjölris fyrr í sumar og tókst með miklum ágætum. Fundinn sátu fulltrúar stjórnar knattspyrnudeildar HK og fulltrúar barna – og unglingsráðs knattspyrnudeildar.

Það er afar mikilvægt að félagsmenn aðildarfélaga ÍTF séu vel upplýstir um hlutverk og starfsemi samtakanna og eru aðildarfélögin hvött til þess að fá slíkar kynningar inn á fundi eða viðburði sem þau kunna að halda.


Starfsmenn ÍTF eru ávallt reiðubúnir að halda slíkar kynningar og mæta á hvers kyns viðburði til þess að upplýsa félagsmenn og kynna starfsemina.

Hækkun greiðslna frá UEFA

UEFA hefur ákveðið eftir mikinn þrýsting frá European Leagues og fleiri aðilum að hækka hlutfall greiðslna til þeirra félaga sem ekki leika í riðlakeppnum karla í Evrópukeppnum félagsliða. European Leagues hefur lagt áherslu á þessa hækkun til þess að jafna betur stöðu þeirra félaga sem ekki eiga sæti í riðlakeppnum og kemur þetta vissulega íslenskum félagsliðum til góða. Hingað til hefur þessi stóri hópur félagsliða í Evrópu fengið 4% af heildartekjum mótanna í sinn hlut í svokallaðar „Samstöðugreiðslur“ (Solidarity payments) en hlutfallið frá og með keppnistímabilinu 2024/2025 verður 7% af heildartekjum.

Félög í efstu deild karla fengu í sinn hlut um 12,6 milljónir króna hvert á síðasta ári en frá og með haustinu 2025 er ljóst að þessar greiðslur munu hækka umtalsvert í samræmi við ofangreinda ákvörðun UEFA.

Mjög ánægjuleg ákvörðun sem kemur íslenskum félagsliðum til góða en þessum fjármunum er ætlað að verja til þróun ungra leikmanna á afreksstigi.



Úr skýrslu ÍTF um framlög ríkisins til íþróttamála

Í skýrslu ÍTF um framlög ríkisins til íþróttamála kemur fram ýmis konar samanburður við önnur málefni er heyra undir málaflokk menningar og íþróttamála. M.a. er þar gerður samanburður á heildarframlagi ríkisins til íþróttamála annars vegar og svo launagreiðslum til listamanna í gegnum launasjóð listamanna og heiðurslaun. Samanburðurinn er sláandi en á árinu 2021 voru heildarframlög til íþróttamála frá ríkinu á pari við launasjóð listamanna og heiðurslaun, rétt ríflega 1 milljarður króna.

Afrekssjóður ÍSí, sem ætlað er m.a. að styðja við öll landslið okkar í körfubolta,blaki,handbolta og fimleikum, allt afreksfólk í frjálsum íþróttum, sundi, skíðum og íþróttum fatlaðra og fleira fær um 38% af listamannalaunum og heiðurslaunum sem úthlutað er á árinu 2021.

Framlög úr Íþróttasjóði sem fjármagnaður er af ríkinu er m.a. ætlað að styðja við sérstök verkefni á vegum íþróttafélaga og samtaka á öllu landinu til að bæta aðstöðu, til að efla þekkingu þjálfara og leiðbeinenda í íþróttastarfi um allt land og auka gildi íþróttastarfs í forvörnum. Íþróttanefnd 5 einstaklinga sér um úthlutun úr þessum sjóði sem hefur gríðarlega veigamikil hlutverk en fjármögnun ríkisins í sjóðinn árið 2021 nam tæpum 25 milljónum króna sem augljóslega hefur lítið sem ekkert að segja í öll þau verkefni sem fyrir liggja á landinu öllu. Til samanburðar má t.d. nefna að launasjóður stórmeistara í skák fékk ríflega 26 milljónir króna sama ár, meira heldur en sjóður með þetta gríðarlega mikla verkefni.

Fjárskortur í afreksíþróttir hefur ítrekað komið til umræðu á Alþingi og lagðar hafa verið fram tillögur til úrbóta hvað eftir annað en lítið hefur þokast nema þá í tengslum við aukið framlag í Afrekssjóð. Á 140.löggjafarþingi 2011-2012 var lögð fram þingsályktunartillaga um „Mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum“ og voru flutningsmenn þeirrar tillögu þær Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.


Tillagan var endurflutt margsinnis og var t.d. núverandi heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, einn flutningsmanna árið 2015-2016. Það er svo á 151.löggjafarþingi 2020-2021 sem málið fær afgreiðslu í þingsályktun um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela mennta – og menningarmálaráðherra að móta heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum í samvinnu við ÍSí og sveitarfélögin. Stefnan verði tímasett samhliða því að tryggður verði fjárhagslegur stuðningur við afreksfólk. Ráðherra leggi fram á Alþingi tímasetta stefnu um afreksfólk í íþróttum fyrir 1.júní 2022.“

Enn bólar ekki á niðurstöðum frá því tillaga var fyrst lögð fram árið 2011.

Fleiri punktar úr skýrslu ÍTF birtast í næstu fréttabréfum.





Lítilsháttar aukning á áhorfendafjölda í Bestu deild karla

Að loknum 22 umferðum í Bestu deild karla, þ.e. að loknum öllum umferðum fyrir úrslitakeppnina, liggur fyrir að áhorfendafjöldi á leikina jókst um tæp 4% á milli árána 2022 og 2023. Samtals mættu 112.691 á alla leikina 132 eða 854 að meðaltali á leik en árið 2022 var áhorfendafjöldinn 108.868 eða 825 áhorfendur að meðaltali á leik. Flestir áhorfendur voru á leik ÍBV og Stjörnunnar á Þjóðhátíð í Eyjum eða 2.302 en fæstir voru á leik ÍBV og FH eða 200 talsins.

Flestir áhorfendur voru á fyrstu umferðina í deildinni, 7.255 en 18 umferðin var jafnframt mjög vel sótt með 7.201 áhorfendur. Fæstir áhorfendur voru svo á lokaumferðina í deildinni, eða 2.970 talsins.

Það er auðvitað ánægjulegt að sjá að áhorfendum fjölga frá fyrra ári en samt sem áður en fjölgunin hér mun minni hlutfallslega heldur en í löndunum í kringum okkur. ÍTF í samstarfi við Gallup vinnur nú að því að kortleggja betur samsetningu áhorfenda bæði í Bestu deild karla og kvenna og mun nýta niðurstöðurnar til samræðna við aðildarfélögin um hvort hægt er að auka áhugann á deildunum með sameiginlegu átaki.

Hér að ofan má sjá samantekt fjölda í hverri umferð og meðaltal á leik.

Besta deildin í Vatnaskógi

Í júlí komu saman í Vatnaskógi um 100 drengir í ævintýraflokki 3 og dvöldu þar saman í viku þar sem m.a. var keppni í fótbolta, Svínadalsdeildin, þar sem drengjunum var skipt í lið eftir borðum í matskalanum.


Besta deildin var að sjálfsögðu kynnt fyrir strákunum og var Hjörvar Hafliðason, Dr. Football, sérstakur gestur og fór hann stuttlega yfir Bestu deildina og voru svo teknar myndir með Hjörvari og Bestu deildar auglýsingum. Þátttakendur voru áhugasamir um deildirnar og var svo úrslitaleikurinn í Svínadalsdeildinni leikinn með Bestu deildar boltanum.

Skemmtilegt framtak hjá fólkinu í Vatnaskógi að vekja athygli á Bestu deildunum með þessum hætti, þarna eru auðvitað á ferð bæði framtíðarleikmenn og framtíðarstuðningsmenn félaganna í deildunum.



Hluti hópsins með Dr.Football

Heildarfjöldi í umferð og meðalfjöldi á leik



Áhorfendafjöldi nánast sá sami eftir 18 umferðir í Bestu deild kvenna

Að loknum öllum 18 umferðunum fyrir úrslitakeppnina í Bestu deild kvenna er áhorfendafjöldinn á leikina nánast sá sami og var árið 2022. Árið 2022 var heildaráhorfendafjöldi eftir 18 umferðir 17.778 áhorfendur eða 198 áhorfendur að meðaltali á hvern leik en á yfirstandandi tímabili var heildaráhorfendafjöldi eftir 18 umferðir 18.081 eða 201 áhorfandi að meðaltali á hvern leik í deildinni.

Flestir áhorfendur voru á leik Breiðabliks og Stjörnunnar eða 823 og Breiðablik var með flesta áhorfendur á sína heimaleiki, 3.078 eða 342 áhorfendur að meðaltali á leik. Næst flestir áhorfendur voru á leik Vals og Breiðabliks eða 630 og voru að meðaltali næst flestir áhorfendur á heimaleiki Vals eða 2.455, 273 áhorfendur að meðaltali á leik. Hér að ofan má sjá samantekt fjölda í hverri umferð og meðaltal á leik.

Áhorfendamet slegið í leik í Lengjudeild kvenna og í bikarúrslitum

Áhorfendamet sumarsins í deildarkeppni kvenna var á leik Víkings og Fylkis í Víkinni í Lengjudeild kvenna en skv. opinberum tölum voru áhorfendur á leiknum 1001.

Eins og fram kemur hér að ofan var best sótti leikurinn í Bestu deild kvenna með 823 áhorfendur og því ljóst að leikur Víkings og Fylkis er best sótti leikur í deildarkeppni kvenna þetta árið.

Áhorfendamet var jafnframt slegið á úrslitaleik Mjólkurbikars kvenna þar sem léku til úrslita Víkingur og Breiðablik. 2.578 áhorfendur voru á leiknum sem lauk með sigri Víkinga 3-1 og hafa aldrei verið fleiri áhorfendur á úrslitaleik kvenna í bikarkeppninni. Fyrra metið var á bikarúrslitaleiknum árið 2015 þegar 2.435 áhorfendur sáu leik Stjörnunnar og Selfoss.

Allmargir leikir eru eftir í úrslitakeppni Bestu deildar kvenna og nokkrir afar áhugaverðir bæði í efri og neðri hlutanum. Það er því ekki útilokað að metið í deildarkeppninni verði slegið á næstu vikum.



Víkingsstúlkur fagna sæti í Bestu deildinni að ári




Ný leikvangur í Lúxemborg



Þjóðarleikvangur Slóvakíu



Fyrirhugaður 15 þús manna leikvangur Lítháen



Tórsvöllur í Færeyjum í endanlegri mynd

Þjóðarleikvangar og aðstaðan á Íslandi

Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum að mikil umræða hefur skapast um aðstöðumál fótþoltans á Íslandi undanfarnar vikur, sérstaklega í tengslum við góðan árangur karlaliðs Breiðabliks og þátttöku liðsins í riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA. Vandí er fyrir höndum sem var fyrirséður fyrir mörgum árum síðan, íslensk landslið og félagslið eiga ekki aðstöðu til þess að spila hér á þeim tímum sem mótaíald liðanna í alþjóðakeppni fer fram, svo einfalt er það.

En hvað er að gerast annars staðar? Nokkur dæmi um stöðu mála hjá löndum sem við miðum okkur gjarnan við eða eru jafnvel lægra skrifuð í alþjóðafótþolta heldur en Ísland.

Færeyjar eru nærtækasta dæmið. Tórsvöllur í Gundadal var vígður árið 1999 en var svo endurnýjaður til þess að uppfylla allar kröfur og í raun endurvígður árið 2021. Völlurinn tekur um 6.500 áhorfendur í sæti, stúka á þrjá vegu við völinn, undirlagið er gervigras og flóðljósín uppfylla öll skilyrði. Völlurinn uppfyllir nú öll þau skilyrði sem þarf til að félagslið geti leikið þar allan ársins hring í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar. Glæsilegt mannvirki sem lagður hefur verið metnaður í að hafa þannig úr garði gert að bæði landslið og félagslið geti leikið þar í alþjóðlegu mótaíaldi.

Þjóðarleikvangur Lúxemborg er annað dæmi um nýtt og glæsilegt mannvirki. Leikvöllurinn var vígður árið 2021, tekur um 10.000 manns í sæti í hringbyggðri stúku og uppfyllir öll skilyrði sem UEFA setur fyrir alþjóðaleiki. Völlurinn er með Hybrid grasi líkt og svo margir nýir vellar í Evrópu og er „Category 4“ völlu sem þýðir að á honum má spila í riðlakeppnum UEFA. Heildarkostnaður við byggingu þessa nýja mannvirkis var 80 milljónir evra eða um 12 milljarðar íslenskra króna að núvirði en þessi ný völlu tekur við af eldri velli sem ekki var ósvipaður Laugardalsvelli, þ.e. ekki með hringbyggða stúku og með hlaupabrautir í kring.

Leikvangurinn í Slóvakíu var opnaður árið 2019, tekur 22.500 áhorfendur, er með hringbyggða stúku og náttúrulegt, upphitað gras. Völlu sem er alltof stór fyrir Ísland en hann uppfyllir að sjálfsögðu öll skilyrði til leikja á alþjóðavettvangi allt árið um kring.

Lítháen er að byggja nýjan fjölnota völlu í Vilnius sem áætlað er að taka í notkun 2025. Völlurinn á að taka 15.000 manns í sæti og verður glæsilegt mannvirki sem uppfyllir að sjálfsögðu öll skilyrði til alþjóðlegra leikja allt árið um kring þrátt fyrir nokkuð erfiðar veðuraðstæður og verður lagður upphituðu hybrid grasi. Fjölbreytt þjónusta verður tengd völinum auk íþróttasafn og mun borgin m.a. reka við völinn bókasafn og félagsmiðstöðvar og ríkið mun reka þar íþróttasafn. Mannvirki og hugmynd sem gæti passað okkur?

Það eru fjölmörg fleiri dæmi um ný mannvirki víðs vegar um Evrópu en Ísland situr eftir og ekkert þokast áfram.

Allt frá því leyfiskerfið var innleitt á Íslandi samþykkti knattspyrnuhreyfingin, félögin í landinu, að í stað þess að hvert og eitt félag ætti að eiga leikvanga til þess að uppfylla skilyrði til að spila í Evrópukeppnum þá væri það á ábyrgð KSÍ að einn völlu, þjóðarleikvangurinn, myndi uppfylla öll skilyrði og félögin fengu aðgang að þeim velli væru þau að leika í Evrópukeppnum. Gildir þá einu hvort um er að ræða karla eða kvennalið, Víkings, Breiðabliks, Vals eða Stjörnunnar eða hvaða liðs sem er. Það er því morgunljóst og löngu staðfest af hreyfingunni að rekstraraðila þess vallar ber að bera kostnað við að hafa völinn leikfæran fyrir þessar keppni en notandi greiði að sjálfsögðu eðlilegt leigugjald fyrir völinn.



Laugardalsvöllur undir pylsunní góðu